

Fundargerð 350. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands 19. september 2012

Árið 2012, miðvikudaginn 19. september kl. 20:20 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Oddfellow-húsinu í Vestmannaeyjum.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson, Guðmundur Kristjánsson, Björn Arnaldsson og Svanfríður Inga Jónasdóttir.

Ólafur Örn Ólafsson boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga Ingibjörg Hinriksdóttir, Valur Rafn Halldórsson og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 349. fundar - 1202002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 349. fundar frá 30. ágúst 2012.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Beiðni um fjármögnun rannsóknar - 1209016HA

Lagt fram erindi Cruise Iceland, dags. 18. september 2012, þar sem sótt er um fjármögnun á rannsókn á efnahagslegum áhrifum farþega skemmtiferðaskipa á Íslandi. Rannsóknin verður gerð í samstarfi við Rannsóknarsetur ferðaþjónustunnar. Könnuð verður neysla farþega í skipum sem koma til Íslands sumarið 2013.

Samþykkt var að styrkja verkefnið með allt að 1.200.000 kr. fjárframlagi.

3. Fjárhagsáætlanir hafnasambandsins - 0505016HA

Lögð fram tillaga að árgjöldum til hafnasambandsins 2013 og 2014 ásamt athugasemd frá Fjarðabyggðarhöfnum, þar sem gerð er athugasemd við það að árgjald Fjarðabyggðarhafna mun hækka mjög verulega með breyttu fyrirkomulagi álagningar árgjalda án þess að fulltrúafjöldi hafnarinnar á hafnasambandsþingi breytist.

Samþykkt var að leggja fram á hafnasambandsþinginu tillögu um breytt fyrirkomulag álagningar árgjalda, sbr. samþykkt á síðasta stjórnarfund.

Steinþór Pétursson sat hjá við afgreiðslu málsins.

4. Hafnasambandsþing 2012 - 1111004HA

Rætt um undirbúning og framkvæmd hafnasambandsþings 2012.

Dagskrá hafnasambandsþingsins var samþykkt ásamt tillögu um Arnar Sigurmundsson, formann framkvæmda- og hafnarráðs Vestmannaeyja, sem forseta þingsins og Andrés Þ. Sigurðsson, hafnsögumann í Vestmannaeyjum, sem þingritara.

5. Skuldahlutfall sveitarfélaga, lántökur o.fl. - 1210002HA

Lagt fram erindi Reykjaneshafnar, dags. 19. september 2012, með hugleiðingum um fjármálareglur sveitarfélaga og hvernig skuldir hafna geta haft áhrif á skuldahlutfall sveitarfélaga. Jafnframt er í erindinu fjallað um nýja stefnu ríkisins vegna fjármögnunar hafnarframkvæmda við útflutningshafnir, þ.e. að ríkið vill að í stað ríkisstyrkja komi ríkislán sem skuli endurgreidd þegar hafnirnar fara að skila hagnaði.

Samþykkt var að vísa erindinu til nýrrar stjórnar hafnasambandsins og að taka upp viðræður við framkvæmdastjóra og lögfræðing Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið.

6. Hafnafundur 2013 og hafnasambandsþing 2014 - 1202002HA

Rætt um staðsetningu hafnafundar 2013 og hafnasambandsþings 2014.

Formanni falið að ræða við forsvarsmenn hafna í Grindavík og Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð um málið.

Fundi var slitið kl. 22:00.

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

Björn Arnaldsson

Svanfríður Inga Jónasdóttir

ritari